

Ársskýrsla framkvæmdastjórnar um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu árið 2017

Inngangur

Framkvæmdastjórn um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu vinnur skv. samþykkt nr. 555/2015, um verndarsvæði vatnsbóla innan lögsagnarumdæma Mosfellsbæjar, Reykjavíkurborgar, Seltjarnarnesbæjar, Kópavogsbæjar, Garðabæjar og Hafnarfjarðarkaupstaðar, að því markmiði að tryggja hámarkshollustu neysluvatns á höfuðborgarsvæðinu til framtíðar.

Stjórnina skipa Árný Sigurðardóttir framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (HER), Guðmundur H. Einarsson framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis (HHK) og Þorsteinn Narfason framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis (HKJ). Framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis tók við formennsku í stjórninni í ársbyrjun 2017 til næstu tveggja ára.

Framkvæmdastjórnin kemur fram sem fulltrúi heilbrigðisnefnda eftir því sem við á vegna vatnsverndar og vatnsnýtingar yfir lögsögumörk. Nefndin fjallar um ýmis konar áform er varða skipulag, framkvæmdir og landnýtingu. Fundagerðir framkvæmdastjórnarinnar eru teknar til umræðu og afgreiðslu á fundum heilbrigðisnefnda.

Hvert heilbrigðiseftirlitssvæði sér um reglubundið eftirlit innan sinnar lögsögu. Þær reglur sem gilda innan vatnsverndarsvæðisins eru að finna í samþykkt um vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins nr. 555/2015 sem er sett með stoð í lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Kveðið er á um framkvæmdastjórn um vatnsverndarsvæði í 7 gr. samþykktarinnar en hlutverk hennar er að: Tryggja upplýsingaflæði á milli heilbrigðisnefnda og samræma vinnubrögð við leyfisveitingar innan vatnsverndarsvæða. Jafnframt að tryggja samræmt eftirlit á vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins og hafa umsjón með að viðbragðsáætlanir fyrir vatnsverndarsvæðið vegna mengunaráhappa séu gerðar.

Vatnsverndarsvæðin voru endurskoðuð árið 2015 og gefið út nýtt kort sem sýnir legu mismunandi verndarflokka og á sama tíma var samþykktinni breytt. Kortið er bundið í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins. Samkvæmt endurskoðuninni þekur vatnsverndarsvæðið nú um 247 km². Svæðinu er skipt í fjóra verndarflokka: Brunnsvæði (3,5% á þekju), grannsvæði (39%), fjarsvæði (49%) og öryggissvæði (8,5%). Brunnsvæðin eru afgirt og lokuð fyrir óviðkomandi umferð, grannsvæðin eru ógirt og umferð aðallega vegna útivistar. Svæðið er skiltað við útmörk þess og er eftirlit eftir þörfum. Grunnvatn og neysluvatn sem kemur frá vatnsverndarsvæðinu er í hæsta gæðaflokki og mikilvægt er að þessi auðlind, ómeðhöndlað neysluvatn, verði nýtanleg um ókomna tíð.

Stöðug ásókn er inn á vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins með framkvæmdir og uppbygging. Sem dæmi um það eru Suðvesturlínur, ferðamannastaðir einsog Þríhnúkahellir í Kópavogi en framkvæmdir og starfsemi sem þessi getur ógnað öryggi vatnsverndar. Í kjölfar aukins ferðamannastraums er farið að bjóða upp á fleiri skipulagðar hestaferðir inni á svæðinu auk þess sem ferðamenn fara sjálfir inn á svæðið að skoða. Fylgjast þarf vel með þessari þróun þar sem hún eykur líkur á óhöppum og einnig umferð vélknúinna farartækja um svæðið. Þá getur kvikmyndataka innan vatnsverndarsvæðis haft snjóboltaáhrif á ferðamenn með þeim

afleiðingum að umferð um svæðið gæti stóraukist. Veruleg umferð er nú um Heiðmörk og í Bláfjöll sem staðsett eru innan vatnsverndarsvæðisins en umferð innan svæðisins er ein mesta ógnin við vatnsvernd.

Á símafundum var rætt um nauðsyn þess að geta á ákveðnum tímum lokað fyrir gegnumakstur í Heiðmörk. Heilbrigðiseftirlitin á höfuðborgarsvæðinu hafa í gegnum árin farið þess á leit við almenning að aka ekki um vatnsverndarsvæðið í Heiðmörk í erfiðum vetrarskilyrðum en jafnframt hefur nú verið komið upp hliði Garðabæjar megin inn í Heiðmörk. Heilbrigðiseftirlitin hafa samráð um lokanir þegar aðstæður krefjast.

Í nýju áhættumati vegna vatnsverndar fyrir Sandskeiðslínu 1 er lagt mat á áhrif sem mismunandi olíumagn hefði á mismunandi stöðum. Í einfaldaðri mynd má segja að ef meira en 20 lítrar af olíu bærust niður í grunnvatn á grannsvæði þá væri veruleg hættu á að vatnsból myndi spillast jafnvel til lengri tíma. Jarðfræði svæðisins einkennist af lekum jarðlögum og eru víða sprungur þar sem er opið ofan í grunnvatnið.

Helstu lög, reglugerðir og samþykkt sem gilda um svæðið og kort

- Lög um stjórn vatnamála nr. 36/2011.
- Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 m.s.b.
- Reglugerð nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns.
- Reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns.
- Reglugerð nr. 533/2001 um breytingu á reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns.
- Reglugerð um neysluvatn nr. 536/2001
- Samþykkt nr. 555/2015 um um verndarsvæði vatnsbóla innan lögsagnarumdæma Mosfellsbæjar, Reykjavíkurborgar, Seltjarnarnesbæjar, Kópavogsbæjar, Garðabæjar og Hafnarfjarðarkaupstaðar
http://ssh.is/images/stories/Hofudborgarsvaedid_2040/Vatnsverndarsamthykkt_nr_555_2015.pdf

Kort af vatnsverndarsvæðinu má nálgast á slóðinni:

http://ssh.is/images/stories/Hofudborgarsvaedid_2040/Vatnsverndaruppdrattur_undirritadur_vef.pdf

Fundir haldnir árið 2017

Haldnir voru fjórir fundir á árinu. Fundargerðir ársins er hægt að nálgast á vefslóð heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur á slóðinni <http://reykjavik.is/thjonusta/vatnsvernd> og vefslóð heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis á slóðinni <https://www.eftirlit.is/index.php?pid=196> Fundargerðir framkvæmdarstjórnarinnar eru teknar til umræðu og afgreiðslu á fundum heilbrigðisnefnda höfuðborgarsvæðisins. Hér á eftir verður farið yfir helstu mál sem komu fyrir framkvæmdastjórn á árinu 2017.

Tengivirki við Sandskeið – Deiliskipulag Mosfellsbæjar .

Framkvæmdastjórnin fjallaði um ofangreint deiliskipulag og vísaði í bókun sinni um málið til þess að framkvæmdin er innan grannsvæða vatnsverndar skv. svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins Höfuðborgarsvæðið 2040. Í samþykkt nr. 555/2015 um vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins er fjallað er um framkvæmdir innan grannsvæða. Sett

er fram sú meginregla að á grannsvæði eru framkvæmdir og atvinnustarfsemi sem geta ógnað vatnsöryggi bönnuð og er bann við nýbyggingum, sumarbústöðum og atvinnustarfsemi á svæðinu. Óheimilt er að hefja nýjan atvinnurekstur eða auka við atvinnurekstur sem fyrir. Heilbrigðisnefnd er þó heimilt að víkja frá þessu ákvæði þegar tryggt er að engin hætta sé á mengun grunnvatns af völdum starfseminnar. Sé óskað undanþágu heilbrigðisnefndar þarf rekstraraðili áformaðra framkvæmda að sýna fram á að starfseminni verði ekki fundinn annar staður vegna eðlis hennar og að engin hætta sé á mengun. Mannvirkjagerð vegna slíkrar starfsemi þarf starfsleyfi heilbrigðisnefndar. Samhliða umsókn um starfsleyfi þarf að fylgja áhættumat.

Þar sem áhættumat hafði nýlega verið lagt fram án þess að framkvæmdastjórnin fengi tækifæri til þess að kynna sér það vísaði framkvæmdastjórnin til þess að hún teldi nauðsynlegt að skipulagsyfirvöld taki tillit til áhættumatsins þegar unnin er lýsing fyrir deiliskipulagið og umhverfismat áætlunarinnar.

Framkvæmdastjórn fjallaði svo um málið á ný á 117. fundi sínum þann 19 maí 2017 en hafði áður bókað um það á 115. fundi þann 2. febrúar 2017. Fyrir fundinum lá áhættumat Landsnets dagsett 2. febrúar 2017 vegna vatnsverndar fyrir Sandskeiðslínu 1 og tengivirki á Sandskeiði sem unnið var af Eflu verkfræðistofu. Einnig lá fyrir, án sérstakra athugasemda, rýni ÍSOR dagsett 15. maí 2017 á áhættumatinu sem unnin var fyrir Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis. Framkvæmdastjórnin gerði ekki athugasemdir við áhættumatið. Að öðru leiti var málinu vísað til Heilbrigðisnefndar Kjósarsvæðis um útgáfu starfsleyfis.

Umferð innan vatnsverndarsvæðis höfuðborgarsvæðisins.

Haldinn var sameiginlegur fundur með Samgöngustofu til að vekja athygli Samgöngustofu á þeim reglum sem eru í gildi innan vatnsverndarsvæðisins og takmörkunum á athöfnum og starfsemi sem eru í gildi vegna umferðar innan vatnsverndarsvæðis höfuðborgarsvæðisins. Til fundarins var boðað vegna lágflugs og lendinga sem framkvæmdastjórnin telur geta ógnað vatnsöryggi jafnframt sem rædd voru atriði sem tengjast Samgöngustofu og varða umferð almennt innan vatnsverndarsvæðisins. Kynnt voru slys sem hafa orðið að undanfögnu innan vatnsverndarsvæðisins. Framkvæmdastjórnin lýsti yfir vilja til að koma á samtali milli aðila vegna leyfisveitinga og öðru sem tengst gæti málinu.

Fram kom hjá Samgöngustofu að stofnunin sér um allt sem snýr að öryggismálum vegna flugs og stofnunin veitir leyfi fyrir lágflugi og lendingum og tekur sömuleiðis við kvörtunum vegna lágflugs. Umsóknaraðili leggur fram flugáætlun og áhættumat vegna öryggismála en vatnsvernd hefur áður ekki komið til skoðunar við veitingu þessara leyfa. Lágflug tekur til flugs lægra en 500 feta utan þéttbýlis og 1.000 feta yfir þéttbýli. Sérstaklega er þó horft á umsóknir um lágflug neðan 300 feta þar sem reglur um lágflug er settar til að tryggja öryggi.

Stofnunin hefur skilning á mikilvægi vatnsverndar á þessu svæði og ætlar að taka til skoðunar að breyta verklagi með þeim hætti að leitað verði umsagnar heilbrigðisnefnda vegna umsókna sem berast vegna lágflugs og lendinga innan vatnsverndarsvæða.

Af hálfu heilbrigðiseftirlits liggur fyrir að ef slíkar umsóknir væru vegna óþarfa viðburða þ.e. sem þyrftu ekki endilega að fara fram á þessum stað innan vatnsverndarsvæðisins, þá yrði leyfi ekki veitt af hálfu heilbrigðisnefnda. Fundarmenn voru sammála um að sérstakar reglur gildi þegar um leit og björgun er að ræða. Fram kom að minni áhætta er af flugi landhelgisgæsluþyrila þar sem þær eru knúnar tveimur hreyflum sem eykur öryggi.

Samgöngustofa taldi að aðallega þyrfti að ræða lágflug og lendingar í sambandi við umferð innan vatnsverndarsvæðisins önnur atriði tengdust líklegast ekki stofnuninni hvað þetta varðar.

Lagning ljósleiðara um landsvæði frá Gljúfrasteini í Skálafell.

Framkvæmdastjórnin veitti umsögn vegna lagningu ljósleiðara um landsvæði frá Gljúfrasteini í Skálafell. Í umsögn var bent á að framkvæmdin væri háð tímabundnu starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis vegna framkvæmda innan vatnsverndarsvæðis. Ekki voru gerðar athugasemdir við framkvæmdina enda verði framkvæmdinni sett sértæk skilyrði í starfsleyfi m.t.t. vatnsverndar í samræmi við samþykkt nr.555/2015 um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu.

Breyting á aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2011-2013 vegna athafnasvæðis við Sólheimakot.

Í umsögn um málið benti framkvæmdastjórnin á nokkur atriði. Gera þarf grein fyrir aðkomuvegi að svæðinu frá stofnvegi. Ef um er að ræða nýja vegagerð þarf að gera grein fyrir hvernig sú framkvæmd fellur að vatnsvernd. Gera þarf grein fyrir mengunarvörnum vegna ofanvatns frá vegi. Í umhverfisskýrslu þarf að taka fram að hvaða leiti mýrum er raskað vegna framkvæmdarinnar. Ef svo er þarf að gera grein fyrir mótvægisáðgerðum. Nauðsynlegt er að rýna betur í vatnafarslíkanið og skera úr um hvaða áhrifasvæðum vatnsverndar þessi framkvæmd tengist. Framkvæmdastjórnin minnti á í umsögn sinni að aðilar sem hug hafa á framkvæmdum eða rekstri á svæðinu skulu skila inn áhættumati sem nær bæði til framkvæmda og reksturs áður en sótt er um starfsleyfi fyrir starfsemi. Gera þarf grein fyrir því hvort að rekstur gagnavers þurfi varaafli. Ef gert er ráð fyrir varaafli þarf að gera grein fyrir því í áhættumati. Þar sem staðsetning gagnavers er á öryggissvæði skv. gildandi vatnsvernd er mikilvægt að það verði hannað með tilliti til þess að yfirborðsvatn hafi ekki neikvæð áhrif á umhverfið svo sem með því að nýta blágrænar ofanvatnslausnir við hreinsun þess og efnisval í mannvirkjum taki tillit til þess. Að fengnum upplýsingum um framangreind atriði er hægt að taka afstöðu til heimildar mögulegra framkvæmda.

Atvik/atburðir á vatnsverndarsvæðinu 2017.

- Heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis hóf á árinu undirbúning á gerð starfsleyfis fyrir lagningu SV-línu frá Sandskeiði norðan Suðurlandsvegar að Hrauntungum sunnan Krýsuvíkurvegar að höfðu samráði við heilbrigðisnefndir Reykjavíkur og Kjósarsvæðis.
- Þann 28. febrúar valt jeppi út í læk inni á grannsvæðinu í grennd við Myllulæk. Engar tilkynningar bárust frá 112 og í samtali við þá voru skýringarnar að þeir hefðu ekki talið þetta inni á vatnsverndarsvæðinu. Lekið hafi af vélinni en ekki bensíntanki. Engin ummerki um olíu á landi og engir eftirmálar hafa komið fram út af þessu óhappi. Aðstæður voru mjög slæmar, hálka og snjór.
- Þann 2. mars valt fólksbíll út í læk á Þingnesvegi, olía lak af bílnum en var hreinsuð upp. Aðstæður voru mjög slæmar, hálka og snjór.
- Þann 15. júlí brann kerra með tveimur kömrum á bílastæðinu við Helluvatn/Elliðavatn. Bílastæðin eru á grannsvæði. Hreinsun var fyrirskipuð af HER.